

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 10/11465  
komudagur 24. 3. 2009

Alþingi  
bt nefndasviðs  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

23. mars 2009  
Tilvísun: 2009030070

## Efni: Umsögn við frumvarp til breytinga á lögum nr. 161/2002 og lögum nr. 30/2003

Ísáð er til tölvupósts yðar, dags. 18. mars sl., þar sem óskað var eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (þagnarskylda), og lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003 (upplýsingagjöf), 345. mál.

Fjármálaeftirlitið er sammála að nauðsynlegt er að hlutdeildarskírteinishafar hafi aðgang að upplýsingum er varða þá fjármálagerninga sem eru undirliggjandi í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

Hins vegar verður að horfa til þess hversu þýngjandi skyldur eru lagðar á rekstrarfélög verðbréfasjóða vegna upplýsinga er varða fjárfestingar þeirra sjóða sem þau reka svo og samkeppnissjónarmiða.

Með hliðsjón af framansögðu gerir Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

### I. Athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið telur að ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem skýrt kemur fram í 1. mgr. 58. gr. laganna að þagnarskylda gildi nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Verði kveðið á um skyldu til að veita upplýsingar í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þá ganga slík ákvæði framur þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002.

Með vísan til framanritaðs leggur Fjármálaeftirlitið til að 1. og 2. gr. frumvarpsins verði felldar út.

### II. Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins

Í fyrri málsgrein 3. gr. er fjallað um upplýsingaskyldu rekstrarfélags til hlutdeildarskírteinishafa vegna sjóða sem eru í rekstri. Þar kemur fram að óski hlutdeildarskírteinishafi eftir því við verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð að fá yfirlit yfir fjármálagerninga sjóðsins þá skuli sjóðurinn verða við beiðni hlutdeildarskírteinishafans innan tveggja vikna vegna þess tímabils sem viðkomandi hefur verið eigandi hlutdeildarskírteinis.

Óljóst er hvað átt er við með „yfirliti yfir fjármálagerninga sjóðsins“ þar sem t.d. engar

skýringar er að finna um hversu ítarlegt viðkomandi yfirlit á að vera. Þetta getur valdið ágreiningi, þar sem það verður háð mati rekstrarfélaganna hversu ítarlegar upplýsingar þau veita.

Ekki er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa um fjármálagerninga sjóðs séu a.m.k. þriggja mánaða gamlar. Þetta getur leitt til þess að rekstrarfélög geta fjárfest í hlutdeildarskírteinum þeirra sem þeir eru í samkeppni við og innan tveggja vikna verið komnir með upplýsingar um allar fjárfestingar samkeppnisaðilans.

Það er skilningur Fjármálaeftirlitsins að með fyrri málsgrein sé verið að horfa til framtíðar í þeim skilningi að hlutdeildarskírteinishafar eigi ávallt greiðan aðgang að upplýsingum er varða fjármálagerninga í eigu sjóðs. Fjármálaeftirlitið telur að unnt sé að ná þessu takmarki með öðrum og skilvirkari leiðum. Fjármálaeftirlitið leggur til að í stað 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins komi svohljóðandi ákvæði:

*„Rekstrarfélag skal birta opinberlega, eigi sjaldnar en vikulega, upplýsingar um 20 stærstu skuldara verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri þess. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um hlutfall hvers skuldara af heildareignum sjóðs.“*

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að með þessu sé gagnsæi varðandi fjárfestingar tryggt þannig að upplýsingar séu til staðar fyrirfram og þar með geti fjárfestir tekið upplýstari ákvörðun um að fjárfesta í sjóði. Einnig væri framangreind breyting minna íþyngjandi fyrir rekstrarfélög þar sem þau þyrftu reglubundið að taka saman þessar upplýsingar í stað þess að taka saman nefndar upplýsingar fyrir hvern og einn hlutdeildarskírteinishafa sem þess óskar. Þá væri jafnræði hlutdeildarskírteinishafa tryggt á þann veg að allir hefðu aðgang að sömu upplýsingum. Mun þetta ákvæði eiga bæði við um þá sjóði sem eru opnir og þá sjóði þar sem innlausnum hefur verið frestað án þess að tekin hafi verið ákvörðun um að slíta þeim.

Í síðari málsgrein 3. gr. er fjallað um upplýsingar rekstrarfélags til hlutdeildarskírteinishafa vegna sjóða sem hefur verið slitið. Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu: „tiltækar upplýsingar er tengjast einstökum fjármálagerningum“. Engar skýringar eru í frumvarpinu um umfang upplýsinganna eða yfir hvaða tímabil þær eiga að ná. Fjármálaeftirlitið telur að framangreint verði að afmarka nánar m.t.t. þess hvert markmiðið með upplýsingagjöfni er, en það er að auðvelda hlutdeildaskírteinishöfum að leita réttar síns fyrir dómstólum telji þeir að viðkomandi rekstrarfélag hafi brotið gegn lögum og/eða reglum með fjárfestingum sínum og valdið viðkomandi tjóni. Fjármálaeftirlitið leggur til að í stað 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins komi svohljóðandi ákvæði:

*„Hafi sjóði verið slitið eða tekin ákvörðun um að slíta sjóði er rekstrarfélagi skylt að verða við beiðni hlutdeildarskírteinishafa um yfirlit yfir fjárfestingar og sölur sjóðsins á því tímabili sem viðkomandi átti hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Rekstrarfélagi er þó aðeins skylt að veita slíkar upplýsingar vegna síðustu 12 mánaða fyrir slit sjóðs.“*

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að upplýsingar um samsetningu sjóðanna á hverjum tíma nægi til að hlutdeildarskírteinishafi geti metið hagsmuni sína, þar sem í upplýsingunum kemur fram hvort sjóður hafi fjárfest umfram heimildir laga og/eða fjárfestingarstefnu. Það getur ekki talist hagur hlutdeildarskírteinishafa að fá of umfangsmiklar upplýsingar þar sem úrvinnsla slíkra gagna getur verið tímafrek.

### III. Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að síðari málsgrein 3. gr. gildi um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem slitið hefur verið frá 1. janúar 2008. Gert er ráð fyrir að ákvæðið sé til bráðabirgða en ekki kemur fram hvenær það falli úr gildi. Með vísan til breytingartillögu Fjármálaeftirlitsins að því er varðar 1. mgr. 3. gr. er lagt til að ákvæðið gildi um þá sjóði sem slitið hefur verið á árunum 2008 og 2009. Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

*„Ákvæði 2. mgr. 51. gr a. skal gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem slitið hefur verið eða ákveðið hefur verið að slíta eftir 1. janúar 2008 og til 31. desember 2009.“*

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

*Haldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*G. Aslaug Jósepsdóttir*  
Guðrún Aslaug Jósepsdóttir